

BORGARRÁÐ

Ár 2026, fimmtudaginn 19. mars, var haldinn 5818. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:00. Viðstödd voru Alexandra Briem, Einar Þorsteinsson, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Skúli Helgason. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Helga Þórðardóttir og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Hildur Björnsdóttir og Stefán Pálsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ívar Vincent Smáráson og Þorsteinn Gunnarsson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. mars 2026, um kosningu sjö borgarráðsfulltrúa og sjö til vara á fundi borgarstjórnar þann 17. mars 2026. Alexandra Briem var kjörin formaður borgarráðs. Jafnframt er lagt til að Sanna Magdalena Mörtudóttir verði varaformaður borgarráðs. Samþykkt. MSS22060043
2. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 17. mars 2026, ásamt trúnaðarmerktum fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki drög að húsnæðisáætlun Reykjavíkur 2026-2035. Trúnaður er um húsnæðisáætlunina þar til borgarstjóri hefur kynnt efni hennar á opnum fundi föstudaginn 20. mars nk.

- Kl. 9:08 taka borgarstjóri og Ólöf Örvarsdóttir sæti á fundinum.
- Kl. 9:11 tekur Hildur Björnsdóttir sæti á fundinum og aftengist fjarfundabúnaði.
- Kl. 9:12 tekur Ebba Schram sæti á fundinum.

Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalístaflokks Íslands gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Haraldur Sigurðsson og Hilmar Hildarson Magnússon taka sæti á fundinum undir þessum lið ásamt Oddrúnu Helgu Oddsdóttur sem tekur sæti með rafrænum hætti. Einnig taka borgarfulltrúarnir Friðjón R. Friðjónsson, Guðný Maja Riba, Kristinn Jón Ólafsson, Sabine Leskopf og Sara Björg Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS26030068

Bókanir undir þessum lið eru færðar í trúnaðarbók.

3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. mars 2026, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki samkeppnislýsingu vegna uppbyggingar kjarnasamfélags að Yrsufelli 2a-i, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalístaflokks Íslands gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða 2.mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ólöf Örvarsdóttir og Þórhildur B. Guðmundsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið ásamt Oddrúnu Helgu Oddsdóttur sem tekur sæti með rafrænum hætti. Einnig taka borgarfulltrúarnir Friðjón R. Friðjónsson, Helgi Áss Grétarsson, Kristinn Jón Ólafsson, Sabine Leskopf og Sara Björg Sigurðardóttir sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. USK26030268

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistasflokks Íslands ásamt áheyrnarfulltrúum Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Jákvætt er að samþykkja samkeppnislýsingu vegna uppbyggingar kjarnasamfélags. Hugmyndin um kjarnasamfélög byggir á þeirri sýn að húsnæði þjóni ekki aðeins þörfum einstaklingsins fyrir einkarými, heldur sé jafnframt vettvangur félagslegra tengsla og grunnurinn að samfélagslegum innviðum borga. Til að styðja við þróun fjölbreytts framboðs húsnæðis í Reykjavík hefur Reykjavíkurborg ákveðið að leggja til lóðir í hugmyndasamkeppni um kjarnasamfélög. Að þessu sinni verða boðnar tvær lóðir í ólíkum hverfum í borginni, að Yrsufelli í Breiðholti og við Laugaveg nálægt Hlemmtorgi, en framhaldið ræðst af þeirri reynslu sem fæst með samkeppninni. Þessi tillaga byggir á áherslu samstarfsflokkanna og gott er að sjá tillöguna verða að veruleika.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um dæmigert gæluverkefni að ræða. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks kalla eftir því að skipulagsyfirlögd borgarinnar leggi til hliðar krúttverkefni og setji alla áherslu á almenna húsnæðisuppbyggingu í Reykjavík, sem stuðlað gæti að stórauðni húsnæðisframboði, lægra húsnæðisverði og auknum möguleikum fólks að eignast eigið húsnæði. Húsnæðisvandinn í Reykjavík hefur verið viðvarandi, uppsafnaður og fyrirsjáanlegur til framtíðar og markmiðið þarf að vera að ná jafnvægi svo tryggja megí heilbrigðan húsnæðismarkað. E.S. Má aldrei láta grænu svæðin í friði?

Áheyrnarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Viðreisnar styður að leitað sé nýrra leiða í húsnæðismálum og að efnt sé til hugmyndasamkeppni um kjarnasamfélög sem byggja á samvinnu, samnýtingu og sterkari félagslegum tengslum. Slík nálgun getur, ef vel tekst til, orðið mikilvægt framlag til fjölbreyttari búsetuforma og aukinnar félagslegrar blöndunar í borginni. Á sama tíma er mikilvægt að horfa skýrt til þess að hér er um tilraunaverkefni að ræða sem ekki hefur náð fótfestu hérlendis núna þrátt fyrir að hafa verið partur af uppbyggingu á síðustu öld. Veruleg óvissa er um raunhæfni þessa verkefnis, bæði hvað varðar eftirspurn, þátttöku íbúa og getu til að byggja upp sjálfbær samvinnufélög til lengri tíma. Kröfur um fjárfestingargetu og flókið rekstrarform geta jafnframt takmarkað þátttöku og dregið úr líkum á að verkefnin nái til breiðari hópa. Þá vekur áhyggjur að ekki liggi fyrir skýr greining á því hvernig þessi verkefni falla að stöðu húsnæðismarkaðarins, þar sem uppbygging er þegar undir þrýstingi vegna kostnaðar og efnahagslegra aðstæðna. Viðreisn í Reykjavík leggur áherslu á að slík verkefni verði þróuð með varfærni, skýrum markmiðum og reglulegu mati, þannig að þau styðji raunverulega við heildarstefnu borgarinnar en dragi ekki úr framboði eða tefji brýna uppbyggingu.

4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. mars 2026, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki samkeppnislýsingu vegna uppbyggingar kjarnasamfélags að Laugavegi 159, ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ólöf Örvarsdóttir og Þórhildur B. Guðmundsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið ásamt Oddrúnu Helgu Oddsdóttur sem tekur sæti með rafrænum hætti. Einnig taka borgarfulltrúarnir Friðjón R. Friðjónsson, Helgi Áss Grétarsson, Kristinn Jón Ólafsson, Sabine Leskopf og Sara Björg Sigurðardóttir sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. USK26030269

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands ásamt áheyrnarfulltrúum Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Jákvætt er að samþykkja samkeppnislýsingu vegna uppbyggingar kjarnasamfélags. Hugmyndin um kjarnasamfélög byggir á þeirri sýn að húsnæði þjóni ekki aðeins þörfum einstaklingsins fyrir einkarými, heldur sé jafnframt vettvangur félagslegra tengsla og grunnurinn að samfélagslegum innviðum borga. Til að styðja við þróun fjölbreytts framboðs húsnæðis í Reykjavík hefur Reykjavíkurborg ákveðið að leggja til lóðir í hugmyndasamkeppni um kjarnasamfélög. Að þessu sinni verða boðnar tvær lóðir í ólíkum hverfum í borginni, að Yrsufelli í Breiðholti og við Laugaveg nálægt Hlemmtorgi, en framhaldið ræðst af þeirri reynslu sem fæst með samkeppninni. Þessi tillaga byggir á áherslu samstarfsflokka og gott er að sjá tillöguna verða að veruleika.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um dæmigert gæluverkefni að ræða. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks kalla eftir því að skipulagsyfirvöld borgarinnar leggi til hliðar krúttverkefni og setji alla áherslu á almenna húsnæðisuppbyggingu í Reykjavík, sem stuðlað gæti að stórauðnu húsnæðisframboði, lægra húsnæðisverði og auknum möguleikum fólks að eignast eigið húsnæði. Húsnæðisvandinn í Reykjavík hefur verið viðvarandi, uppsafnaður og fyrirsjáanlegur til framtíðar og markmiðið þarf að vera að ná jafnvægi svo tryggja megi heilbrigðan húsnæðismarkað. E.S. Má aldrei láta grænu svæðin í friði?

Áheyrnarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Viðreisnar styður að leitað sé nýrra leiða í húsnæðismálum og að efnt sé til hugmyndasamkeppni um kjarnasamfélög sem byggja á samvinnu, samnýtingu og sterkari félagslegum tengslum. Slík nálgun getur, ef vel tekst til, orðið mikilvægt framlag til fjölbreyttari búsetuforma og aukinnar félagslegrar blöndunar í borginni. Á sama tíma er mikilvægt að horfa skýrt til þess að hér er um tilraunaverkefni að ræða sem ekki hefur náð fótfestu hérlandis núna þrátt fyrir að hafa verið partur af uppbyggingu á síðustu öld. Veruleg óvissa er um raunhæfni þessa verkefnis, bæði hvað varðar eftirspurn, þátttöku íbúa og getu til að byggja upp sjálfbær samvinnufélög til lengri tíma. Kröfur um fjárfestingargetu og flókið rekstrarform geta jafnframt takmarkað þátttöku og dregið úr líkum á að verkefnið nái til breiðari hópa. Þá vekur áhyggjur að ekki liggi fyrir skýr greining á því hvernig þessi verkefni falla að stöðu húsnæðismarkaðarins, þar sem uppbygging er þegar

undir þrýstingi vegna kostnaðar og efnahagslegra aðstæðna. Viðreisn í Reykjavík leggur áherslu á að slík verkefni verði þróuð með varfærni, skýrum markmiðum og reglulegu mati, þannig að þau styðji raunverulega við heildarstefnu borgarinnar en dragi ekki úr framboði eða tefji brýna uppbyggingu.

5. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. mars 2026, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs sama dag á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir tvöföldun Suðurlandsveggar frá vegamótum við Bæjarháls að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið ásamt Helgu Rún Guðmundsdóttur og Hrafnhildi Brynjólfsdóttur sem taka sæti með rafrænum hætti. USK23060119

6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. mars 2026, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að hefja innkaupaferli vegna malbiksframkvæmda 2026. Kostnaðaráætlun er 1.055 m.kr.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK26030265

Borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn telur að stórauka hefði þurft fjárframlög til malbiksviðgerða í Reykjavíkurborg. Skemmst er að minnast þess að áhrifavaldurinn skeleggi Patrekkur Jaime kvartaði á dögnum undan viðvarandi heilahristingi vegna fjölda hola á götum borgarinnar. Mikilvægt er að bregðast við þessu ákalli frá almenningi um metnaðarfullra viðhald gatnakerfisins.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 17. mars 2026, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi drög að þjónustusamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. og borgarstjóra verði veitt fullt umboð til undirritunar samningsins. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, sbr. hjálagt erindi SSH frá 4. mars sl. þar sem lagt er til að framangreindum samningsdrögum verði vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Einnig lögð fram umsögn borgarlögmans, dags. 16. mars 2026, og umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. mars 2026.
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Vísað til borgarstjórnar.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Birgir Björn Sigurjónsson taka sæti á fundinum undir þessum lið ásamt Halldóru Káradóttur og Bjarka Rafni Eiríkssyni sem taka sæti á fundinum með rafrænum hætti. MSS26030018

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða mikilvægan samning til þess að tryggja samfellu í þjónustu eftir því sem samgöngusáttmálinn er innleiddur. Aðkoma ríkisins er hér tryggð í gegnum félagið Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. en hér er formgerður samningur félagsins um rekstur almenningssamgangna og jafnframt samstarfssamningur milli þess og Strætó bs. á meðan sú innleiðing fer fram. Það var niðurstaða viðræðna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins að fara þessa leið, sem felur í sér að allur akstur verði boðinn út og Strætó bs. verði lagt niður í lok þess tíma. Það var niðurstaða viðræðna og byggði á því mati að það væri nauðsynlegt skref til að gæta samræmis við regluverk ESA.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands ásamt áheyrnarfulltrúum Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Jákvætt er að ríkið setji meira fjármagn í almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og ætli sér að koma meira að rekstrinum með tilkomu nýs félags um almenningssamgöngur. Fulltrúarnir eru hinsvegar mótfallnir þeirri framtíðarsýn Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins að allur akstur strætisvagna verði boðinn út.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að ríkið komi að rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Telja fulltrúarnir þó nauðsynlegt að endurskoða áform um Borgarlínu frá grunni. Mikilvægt verður að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu með þeim hætti að traust ríki um verkefnið, það þrengi ekki að umferð, sé aðlaðandi valkostur og hagkvæm fjárfesting. Fulltrúarnir taka jafnframt undir athugasemdir í umsögn borgarlögmanns við samninginn og kalla eftir svörum við þeim. Sitja fulltrúarnir hjá af þessum sökum.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn styður framgöngu samgöngusáttmálans en situr hjá við afgreiðslu þessa máls vegna álitamála sem borgarlögmaður varpar upp í umsögn sinni. Framsókn er afar stolt af þeim árangri sem náðist á kjörtímabilinu við endurskoðun samgöngusáttmálans þar sem tókst að fá ríkið til samstarfs um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Framsókn hefur þó áhyggjur af því að áætlanir um rekstur borgarlínu séu full bjartsýnar og að fjöldi farþega muni ekki verða jafnmikill og spár gera ráð fyrir. Það muni framkalla gat í fjárhagsáætlun verkefnisins sem sveitarfélög og ríkið þurfa að taka á sig.

Áheyrnarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Viðreisnar styður þá stefnu sem hér er mörkuð um að einfalda og efla skipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með því að færa rekstur undir eitt félag. Slík kerfisbreyting er mikilvægt skref til að bæta þjónustu, auka skilvirkni og styrkja heildarsýn í samgöngumálum. Á sama tíma er mikilvægt að horfa raunsætt á þær áhættur og óvissu sem fram koma í umsögnum. Ljóst er að um er að ræða flókna umbreytingu þar sem tvö kerfi munu starfa samhliða um tíma, með tilheyrandi kostnaði og rekstraráskorunum. Sérstaklega þarf að tryggja að útfösun Strætó bs. verði markviss og að ekki skapist ófyrirséðar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir sveitarfélögin. Einnig vekur athygli að sett eru fram metnaðarfull markmið um þjónustustig sem fela í sér nýjar skuldbindingar sem ekki

hafa verið kostnaðarmetnar til fulls. Mikilvægt er að slík markmið séu studd traustri fjárhagslegri greiningu og skýrum forsendum. Borgarfulltrúi Viðreisnar leggur því áherslu á að áframhaldandi innleiðing byggji á gagnsæi, skýru kostnaðarmati og virku eftirliti með framvindu, þannig að markmið um betri almenningssamgöngur náist án þess að fjárhagsleg áhætta fari úr böndunum.

8. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 19. mars 2026, varðandi ábyrgðargjald Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2026, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt

Bjarki Rafn Eiríksson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS26030012

9. Lagt fram bréf menningar- og íþróttasviðs, dags. 9. mars 2026, sbr. samþykkt menningar- og íþróttaráðs frá 6. mars 2026 á tillögu faghóps vegna úthlutunar styrkja á sviði íþróttar- og æskulýðsmála 2026.

Elín Hrefna Ólafsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MIR26030001

10. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 16. mars 2026, sbr. samþykkt stafræns ráðs frá 11. mars 2026 á heimildarbeiðni um að hefja vinnu við fasa 2 í verkefninu „korta- og boðgreiðslur á mínum síðum“, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt.

Óskar J. Sandholt tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. PON25050004

11. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 16. mars 2026, sbr. samþykkt stafræns ráðs frá 11. mars 2026 á heimildarbeiðni um að hefja verðfyrirspurn og undirbúning nýs sameiginlegs könnunarhugbúnaðar, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt.

Óskar J. Sandholt tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. PON26020017

12. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 16. mars 2026, sbr. samþykkt stafræns ráðs frá 11. mars 2026 á heimildarbeiðni um að fara í útboð á lausn fyrir rafrænar undirritanir, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt.

Óskar J. Sandholt tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. PON26020016

13. Afgreiðsla undir þessum lið er færð í trúnaðarbók. MSS26030027

14. Afgreiðsla undir þessum lið er færð í trúnaðarbók. MSS26030067

15. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 17. mars 2026, varðandi ferð borgarstjóra til Ljubljana í Slóveníu dagana 24. til 27. mars nk. MSS26030059

16. Lögð fram beiðni borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur, dags. 9. mars 2026, þar sem borgarfulltrúarnir óska eftir heimild borgarráðs til að fá að

tilnefna áheyrnarfulltrúa í ráðinu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. mars 2026.
Frestað. MSS26030041

17. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 19. febrúar 2026. MSS26010007
18. Lögð fram fundargerð innkaupa- og framkvæmdaráðs frá 12. febrúar 2026. MSS26010008
19. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. mars 2026.
11. liður fundargerðarinnar er samþykktur. MSS26010020
20. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem hafa borist borgarráði, alls fjögur mál (MSS26010029, MSS24100050, MSS26030073, MSS26010029). MSS26030003
21. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. MSS26030006
22. Borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram eftirfarandi fyrirspurn:

Í ljósi þess að verðbólga er 5,2% og vaxtalækkunarferli Seðlabanka Íslands hefur ekki bara stöðvast heldur hækkaði Seðlabankinn stýrivexti í 7,5% í síðustu vaxtaákvörðun þá spyr Framsókn um áhrif efnahagsmála á rekstur borgarinnar. Fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2026 gerir ráð fyrir tilteknum forsendum en efnahagsmál hafa þróast á verri veg en forsendurnar gera ráð fyrir. Telur borgarstjóri ástæðu til þess að bregðast sérstaklega við stöðunni með aðgerðum? Annars vegar til þess að mæta erfiðara rekstrarumhverfi og hinsvegar með aðgerðum til þess að draga úr verðbólgu almennt en Seðlabankinn bendir á að hækkanir gjalda hins opinbera séu ein meginástæða hækkunar verðbólgu. Í forsendum fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2026 er gert ráð fyrir því að atvinnuleysi verði 4,1% á árinu en samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar var 7,3% atvinnuleysi á meðal fólks á aldrinum 16-74 í febrúar. Því er spurt um áhrif þessa samdráttar í vinnumagni á útsvarsstofn borgarinnar. Þá gera forsendur fjárhagsáætlunar fyrir því að vísitala neysluverðs verði 2,7% en síðasta mæling Hagstofunnar sýnir að hún stendur í 4,4% í dag. Hvaða áhrif hefur þessi hækkun á rekstur Reykjavíkurborgar? Þróun launa hefur einnig breyst en forsendur fjárhagsáætlunar gera ráð fyrir 4,4% hækkun en samkvæmt Hagstofunni hafa laun hækkað um 7,2%. MSS26030087

- Kl. 11:58 víkja Hildur Björnsdóttir og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 12:08

Alexandra Briem

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir
Skúli Helgason

Einar Þorsteinsson
Sanna Magdalena Mörtudóttir